

3. fundur fræðslunefndar ársins 2013 vegna Undralands, haldinn 29. maí 2013 í leikskólanum, kl. 13.00. 20. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Eggertsson, sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, varamaður Gunnars Þórs Jóhannessonar, Halla Gunnarsdóttir leikskólastjóri, Arnheiður S. Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Katrín Ösp Emilsdóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Starfsmannahald.
3. Skóladagatal.
4. Skólastefna.
- 5 Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólastjóra.

- ❖ Vorskólinn var í annarri viku maí í þrjá daga. Elstu börnin og 1.bekkur höfðu leikdag í leikskólanum. Þau fóru í sundkennslu hjá Árna sem var mikið ævintýri. Síðasta daginn var farið í skóginn og þar voru grillaðar pylsur og sykurpúðar og farið í leiki. Börnin voru alsæl eftir skemmtilega daga. Samstarf leikskóla og grunnskóla hefur gengið afskaplega vel og orðinn einn af föstu liðunum í skólagöngu elstu barna leikskólans.
- ❖ Vorhátíðin okkar var 17. maí í góðu veðri og allir gátu leikið úti á stöðvum. Borðað var úti grillaða hamborgara sem foreldri sá um að grilla. 1.bekkur kom og tók þátt með okkur og fóru allir skrautlegir í framan úr leikskólanum þennan dag.
- ❖ Vorsýningin okkar var 24. maí og lukkaðist hún mjög vel og var hin glæsilegasta, starfsfólkið leggur sig allt fram í uppsetningu verkanna og á mikið hrós skilið. Börnin sungu vel valin lög og gerðu það lista vel og af mikilli innlifun. Foreldrafélagið sá um kaffi, djús og grænmeti. Kökubasar foreldrafélagsins gekk líka mjög vel og voru allar kökur seldar áður en Vorsýningu lauk.
- ❖ Garðyrkjuvikan var næst síðustu viku maí og í samstarfi við Flúðaskóla, elstu börnin tóku þátt í úti stöðvavinnu yngsta stigs. Það stendur síðan til að setja niður kartöflur hér í leikskólanum þegar hættir að rigna. ☺
- ❖ Við höfum bætt aðeins við útidótið okkar og keypt m.a. tvö sparkhjól í viðbót. Fundum hjól sem heita First bike og eru mun ódýrari en þau sem eru hér fyrir. Við erum spennt að sjá hvernig þau reynast.
- ❖ Í júní stendur mikið til að venju. Við höfum þrjár viðburðavikur og þær eru: fjallgönguvika, vatnsvika og skógarvika. Hlökkum við mikið til þeirra.
- ❖ Börnin fara smátt og smátt í sumarfrí og í byrjun júní fækkar þeim niður í 31 úr 42.
- ❖ Námskrárvinna verður tekinn föstum tókum í júní og verður hún á herðum leikskólastjóra og Freyju. Þær fóru á vinnustofu á Eyrarbakka 28.maí sem

heitir „Leiðtogar í heimabyggð“. Þar var farið yfir vinnuferli og skipulag, hvernig við vinnum og innleiðum nýja námskrá inn í skólann.

- ❖ Við fáum heimsóknir reglulega í leikskólann. 3.maí komu 10 leikskólastjórar af stór Reykjavíkursvæðinu í heimsókn og fengu að kynna sér starfið.
- ❖ Unnur Þórsdóttir hefur komið til okkar tvo morgna í vetur. Nú stendur til að Unnur auki við vinnu sína hérna hjá okkur í júní í fjóra morgna.
- ❖ Leikskólastjóri var boðaður á fund ferða- og menningarmálanefndar Hrunamannahrepps vegna 300 ára fæðingarafmælis Fjalla-Eyvindar. Hugmyndir eru að halda upp á afmælið með ýmsum viðburðum og fá báða skólanna með í þá vinnu. Leikskólanum líst mjög vel á þetta og ætlar að leggjast í hugmyndavinnu sem tengjast þessum fræga útlaga.
- ❖ Vinnuhópur er orðinn til vegna nýbúanna okkar til að setja saman upplýsingapakka fyrir þá. Nefndina skipa: Halla Gunnarsdóttir leikskólastjóri sem er jafnframt formaður, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Georg Ottóson fulltrúi vinnuveitenda, Nina Faryna fulltrúi nýbúa og Jón G. Valgeirsson sveitastjóri. Boðað verður til fundar væntanlega í júní.
- ❖ Foreldramat var lagt fyrir í mars og erum við að vinna í þeim ábendingum sem við fengum. Þar var bent m.a. á skítug og blaut útiföt send heim í poka og lélega kynningu á starfsfólki. Þurrkherbergi sem er við hliðina á útisalerni hefur verið vannýtt undanfarið og réðst leikskólastjóri í að tæma út úr því og nú er það komið í notkun aftur. Til að bæta kynningu á starfsmönnum ætlar leikskólastjóri að setja upp starfsmannasíðu á heimasíðu skólans, þar sem hver starfsmaður er kynntur með mynd og upplýsingum um viðkomandi. Við erum að vinna í þessu og stefnum á að hafa síðuna tilbúna í ágúst.
- ❖ Starfsmannahald næsta vetur breytist aðeins. Auglýst var eftir leikskólakennara á heimasíðu skólans og sótti einn um. Þórdís Bjarnadóttir frá Árnesi og ætlar hún að vinna hjá okkur í 80% vinnu. Hanna Björk Grétarsdóttir sem hefur verið í leyfi sagði upp störfum 29. apríl 2013. Ragna Haraldsdóttir sem hefur verið í 50% starfi í vetur ætlar ekki að vera hjá okkur næsta vetur. Aðrir starfsmenn ætla að halda áfram í mjög svo breytilegu starfshlutfalli.
- ❖ Búið er að setja saman Leikskóladagatal fyrir starfsárið 2013-2014. Mig langar að gera að tillögu minni að leikskólanum sé lokað mánudaginn 23. des. Þorláksmessu og föstudaginn 27. des. Finnst mjög líklegt að jólaball kvenfélagsins verði þann dag. Foreldrar fá felld niður matargjöld þessa viku.

2. Starfsmannahald.

Leikskólastjóri fór yfir helstu breytingar á starfsmannahaldi, sbr. skýrslu í lið 1 og fór yfir starfshlutföllin hjá starfsfólkinu, sem mun gilda fram að áramótum.

3. Skóladagatal.

Leikskólastjóri fór yfir skóladagatal fyrir næsta skólaár, 2013-2014. Rætt var um einstök atriði í dagatalinu, m.a. um að hafa lokað á Þorláksmessudag og föstudaginn 27. des. Fræðslunefnd samþykkir dagatalið að öðru leyti en því að ekki verði lokað á Þorláksmessudag og föstudaginn 27. des.

4. Skólastefna.

Formaður fór yfir málið og er staðan óbreytt. Stefnt er að því að klára vinnuna fyrir vorið eða í allra síðasta lagi fyrir skólabyrjun.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira var ekki gert.
Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13.50.